

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega, ásamt reikningum félagsins.

8. gr.

Í stjórn Líknarsjóðs Áslaugar Maack skulur kosnar 5 konur á aðalfundi ár hvert. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og hefur frjálsar hendur með alla fjáröflun í sjóðinn. Þegar hjálparbeiðnir berast sjóðsstjórn, skal formaður hennar boða til fundar sjóðsstjórn og formann félagsstjórnar, er taki sameiginlega ákvarðanir um allar hjálparbeiðnir. Þegar gengið er frá úthlutun hverju sinni, skal formaður kvenfélagsins ásamt formanni sjóðsstjórnar undirrita hana fyrir hönd félagsins.

9. gr.

Leysist Kvenfélag Kópavogs upp og hætti að starfa, skal bæjarráð Kópavogs kjósa árlega 5 konur í sjóðsstjórnina.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

23. marz 1965.

Nr. 54.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. marz 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 250 000.00.

Heimili Minningarsjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að efla leiklist á Íslandi með því fyrst og fremst að veita íslenskum leiklistarmönnum styrki til framhaldsnáms erlendis í leik og leikstjórn.

Ekki er hægt að sækja um styrki úr minningarsjóðnum, heldur veitir sjóðsstjórnin árlega einum eða fleiri leiklistarmönnum styrki úr sjóðnum eftir eigin mati, og skal styrkveitingin fara fram á fæðingardegi frú Stefaníu Guðmundsdóttur hinn 29. júní. Sjóðsstjórninni er þó heimilt að fella niður styrkveitingu, ef sérstaklega stendur á, og leggst þá sá styrkur, sem til úthlutunar hefði komið, við höfuðstólinn. Stjóðsstjórninni er þó heimilt að leggja upphæðina til hliðar til viðbótarveitingar næsta ár.

Sjóðsstjórnin skal hefja styrkveitingar úr sjóðnum í síðasta lagi innan fimm ára frá staðfestingu skipulagsskrárinnar.

3. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins, eins og hann er og verður á hverjum tíma, má aldrei skerða. Fyrst í stað heimilast sjóðsstjórninni að úthluta styrkjum samkvæmt

2. gr. fyrir allt að tveim þriðju hlutum vaxtanna, en einn þriðji hluti þeirra leggst við höfuðstólinn. Þegar höfuðstóllinn hefur vaxið svo, að hann nemur kr. 1 000 000.00, er sjóðsstjórninni heimilt að nota alla vextina til styrkveitinga.

4. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans, kr. 250 000.00, svo og þær gjafir og framlög, sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrir-tækjum. Eignir minningarsjóðsins skulu að svo miklu leyti, sem því verður við komið, hljóða á nafn minningarsjóðsins.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins og ávaxta í ríkistryggð-um bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðsstjórn. Samkvæmt ósk stofn-anda sjóðsins hafa þessir menn tekið sæti í fyrstu sjóðsstjórninni:

Þorsteinn Ö. Stephensen, leikari, formaður,
Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri, ritari,
Torfi Hjartarson, tollstjóri, gjaldkeri.

Hver stjórnarnefndarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í sjóðsstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðsstjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli. Formaður sjóðsstjórnar skal vera leikari. Í sæti gjaldkera og ritara ber að stefna að því, að jafnan sitji þar einn lögmaður og einn embættis- maður, sem kunnugur er styrktarsjóðum.

Fari svo einhverntíma, að stjórn sjóðsins sé ekki fullskipuð skal dómsmála- ráðuneytið tilnefna stjórnarnefndarmann í hin auðu sjóðsstjórnarsæti.

Tilnefning sjóðsstjórnarmanns gildir ævilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr sjóðsstjórninni ef því þykir ástæða til þess, vegna ósamlegrar fram- komu hans eða verknaðar.

Sjóðsstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín en útlagðan kostnað fyrir störf í þágu minningarsjóðsins geta þeir fengið endurgreiddan af fé hans.

Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðarbók og skráir þar einnig allar ákvarðanir um styrkveitingar og annað, sem hún ræðir um og ákvarðar varð- andi minningarsjóðinn og hagsmuni hans.

Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef tveir af sjóðsstjórnarmönnum eru sammála um þær.

6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í fundargerðarbókina.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðallitgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Hinn 18. marz 1965.

Í stjórn sjóðsins.

Þorsteinn Ö. Stephensen.

Agnar Kl. Jónsson.

Torfi Hjartarson.